

Skólaráð Lækjarskóla

18. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 25. apríl 2012 kl. 8:15.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi.

1. Kaffispjall

Rætt var almennt um skólamál á Íslandi og skólana í Hafnarfirði.

2. Kynning á bæklingi um valfög nemenda.

Í samvinnu við Setbergsskóla er ákveðið að skólarnir tveir bjóða uppá sameiginlegt val fyrir 9. og 10. bekk næsta skólaár. Ávinningurinn er að þá er hægt að bjóða upp á fjölbreyttari valhópa.

3. Myndataka nemenda

Myndataka hjá nemendum í 1., 4., 7., og 10. bekk verður í næstu viku.

4. Brunaæfing

Brunaæfing verðu haldin á næstunni.

5. Önnur mál

- Á næsta skólaári verður tímasetningum í hádegismat þrískipt. Það er gert til þess að minnka raðir til þæginda fyrir nemendur og starfsmenn.
- Spurt var hvort til standi að uppfæra heimasíðuna betur. Heimasíðuteymi er við skólann sem er að skoða þetta mál.
- Spurt var hvort til stendur að hafa kvikmyndagerð sem valfag. Skólastjóri svaraði að slíkt mætti gjarnan skoða.
- Til stendur að breyta forritum í skólanum Linuxforritið hefur verið notað undanfarin ár. Windows verður sett upp í tölvum skólans næsta haust.
- Rætt var um málefni heilsdagsskólans.
- Vorhátíð foreldrafélags Lækjarskóla og Vitans verður haldin á næstunni.

Fundi slitið kl. 9:20.

Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigbórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir